



Til Heilbrigðis- og trygginganefndar Alþingis
Nefndarsvið Alþingis
Þórshamri v/Templarasund,
150 Reykjavík.

20. nóvember 2005

Umsögn um þátt. Um skipulagða leit að krabbameini í ristli, 13. mál


Félag sérfræðinga í meltingarsjúkdómum (FSM) vill gefa umsögn um ofangreint mál fyrir hönd meltingarsérfræðinga á Íslandi.

FSM fagnar tillögunni, sem ber vott um skilning flutningsmanna á mikilvægi forvarna almennt. Þar er komið inná mikilvægi fræðslu í forvarnarskyni, heilbrigðan lífsstíl og gildi ýmissa forvarnaraðgerða. Lögð er áhersla á gildi þess að greina og meðhöndla krabbamein eins fljótt og hægt er og að gott forvarnarstarf sem beinist að legháls- og brjóstakrabbameini hafi verið unnið hér á landi í mörg ár með einstökum árangri. Við fögnum því markmiði að íslendingar verði í fremstu röð hvað varðar að fyrirbyggja ristilkrabbamein.

Ristilkrabbamein er algengur sjúkdómur meðal almennings á Íslandi með vaxandi nýgengi. Hann veldur miklu heilsutjóni og leiðir til dauða ef ekkert er að gert. Separ eða kirtilæxli eru forstíga langflestra ristilkrabbameina en breytingin úr sepa í krabbamein tekur langan tíma. Þeir eru sjaldgæfir fyrir fimmtugt, en tíðnin eyks með aldri. Sepana má greina og fjarlægja með aðstoð ristilspeglunar áður en meinsemdin er orðin illkynja eða ífarandi og stöðva þannig framgang sjúkdómsins. Sé litið til forvarnagildis slíkra aðgerða er enginn vafi á því að meðferð sjúkdómsins sem greinist í kjölfar skimunar (greinist á fyrri stigum) er árangursríkari en án skimunar. Hér á landi hefur vinnuhópur á vegum landlæknis lagt til að hafin verði skipulögð leit eða skimun fyrir ristilkrabbameini meðal almennings á aldrinum 55-70 ára annað hvert ár með leit að blóði í hægðum (Hemocult-Sensa). Þeir sem reynast hafa blóð í hægðum yrði ráðlögð ristilspeglun.

Með hliðsjón af slembirannsóknnum, þar sem sýnt hefur verið fram á 15-33% lækkun á dánartíðni af völdum ristilkrabbameins með leit að blóði í hægðum, styður FSM tillöguna og eru félagsmenn tilbúnir að leggja sitt af mörkum til að tryggja að sú leit beri árangur.

Virðingarfyllt,
f.h. félags sérfræðinga í meltingarsjúkdómum


Sunna Guðlaugsdóttir, formaður
FSM